

Reykjavík, 3. janúar 2024

Fjarskiptastofa
V.t. Guðmann Bragi Birgisson
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Varðar: Drög að kvöðum á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang (3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu (3b)

1. Inngangur

1. Vísað er til fréttar á heimasíðu Fjarskiptastofu (hér eftir „FST“) dags. 29. nóvember 2023, þar sem kallað var eftir athugasemdum við drög að kvöðum á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang (3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu (3b). Einnig var kallað eftir athugasemdum í tengslum við aukasamráð vegna sértækra breytinga á drögum að mati á umtalsverðum markaðsstyrk á afmörkuðum landfræðilegum mörkuðum. Veitti FST frest til 3. janúar 2024 til þess að skila athugasemdum. FST leggur til kvaðir á þrjú fyrirtæki á mismunandi landfræðilegum mörkuðum og mismunandi þjónustumörkuðum, þ.e. Mílu hf., Ljósleiðarann ehf. og Tengi hf.
2. Hér eftir fara athugasemdir Símans hf. (hér eftir „Síminn“) vegna þess þáttar sem lýtur að fyrirhuguðum kvöðum og sértæku samráði FST. Síminn ítrekar fyrri athugasemdir varðandi markaðsgreiningu FST. Heilt yfir virðist Símanum sem kvaðirnar séu farnar að snúast um aðgengi eða upplýsingar til hagsbóta fyrir innviðafyrirtæki og lítið snúast um aðgang smásölufyrirtækja að fjarskiptaþjónustu innviðafyrirtækja. Flest fyrirtæki virðast kominn með langtímasamninga við birgja sem tryggir þeim aðgang að nauðsynlegum innviðum langt út fyrir gildistíma markaðsgreiningar, sem hefði e.t.v. átt að leiða til þess að hlutverk FST væri að snúa sér að öðrum málum.
3. Athugasemdir Símans lúta að því að félagið telur nauðsynlegt að FST leggi þá kvöð á Tengi að félaginu verði gert skylt að selja heimtaug í heildsölu með sama hætti og Ljósleiðarinn og Míla hafa gert. Þá gerir Síminn þá kröfu að FST skoði og greini verðskrá Ljósleiðarans, einkum m.t.t. heimtauga og greini hvort það sé að finna mismun á kjörum sem ekki standi öllum til boða og ef það reynist rétt leggi viðeigandi kvaðir á Ljósleiðarann, bann við mismunun og viðmiðunartilboð. Það hafa komið fram vísbendingar um slíka mismunun sem gefur FST tilefni til þess að kanna samninga Ljósleiðarans við Nova og Sýnar betur.
4. Síminn áréttar og ítrekar sjónarmið sín um að það sé æskilegt fyrir markaðinn að verðskrá innviðafyrirtækja gagnvart smásöluaðilum sé ekki gerð opinber, þótt hún eigi að vera gagnsæ og aðgengileg kaupendum þjónustunnar. Með þeim hætti geta smásöluaðilar best nýtt sér samkeppni milli innviðafyrirtækja og FST getur ávallt sannreynt hvort um mismun sé að ræða, ef þörf krefur.

2. Athugasemdir Símans hf.

5. Síminn telur vert að taka fram að í markaðsgreiningu FST var talsvert lagt upp með greiningu á höfuðborgarsvæðinu að hlutdeild Ljósleiðarans sé ekki nægileg til þess að slá því föstu að um ráðandi stöðu sé að ræða. Er til að mynda vísað til þessa að Míla getur samið við Nova og fengið viðskipti frá Sýn og þannig jafnað stöðuna. Í þessu sambandi bendir Síminn á að Nova samdi við Tengi fyrir norðan um að nota bitastraumsþjónustu



Tengis. Gefur það til kynna að Nova hafi ekki áform um að selja tengingar um kerfi Mílu, a.m.k. á heimilismarkaði. Sú staðreynd að Nova hafi samið við Tengi en ekki Mílu þarf að skoða m.t.t. fullyrðingar FST um að Nova sé líklegt til þess að auka viðskipti við Mílu á kostnað Ljósleiðarans. Þá hefur Sýn breytt verðlagningu sinni með þeim hætti að tenging við Mílu er dýrari en tenging við Ljósleiðarann, sem er líklega í þeim tilgangi að færa tengingar til Ljósleiðarans.

6. Þessi framkvæmd Sýnar, og Nova reyndar einnig, er athuglisverð þar sem heimtaugar Ljósleiðarans eru dýrari en heimtaugar Mílu. Það gefur til kynna að samningur Ljósleiðarans og Sýnar feli í sér önnur kjör en þau sem almennum fjarskiptafyrirtækjum stendur til boða, eða hafi að geyma lágmarkskaup sem Sýn þarf að fylla upp í. Miðað við opinbera verðlagningu ættu tengingar um kerfi Mílu frekar að vera ódýri en hitt.
7. Það virðist a.m.k. gefa til kynna að FST hafi mögulega vanmetið áhrif samninga Ljósleiðarans við Nova og Sýn. Framangreint gefur tilefni til þess að endurskoða greininguna á höfuðborgarsvæðinu og hvort það sé tilefni til þess að leggja kvöð á Ljósleiðarann um viðmiðunartilboð og bann við mismunun. Í öllu falli er ríkt tilefni til þess að leggja auknar kvaðir á Ljósleiðarann a.m.k. í því sveitarfélagi sem kvaðir eru þó fyrirhugaðar, sérstaklega í ljósi þess að lagning Ljósleiðara í viðkomandi sveitarfélagi var í andstöðu við ákvæði fjarskiptalaga, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2015.
8. Þegar horft er til þess að Ljósleiðarinn er með um eða yfir 60% hlutdeild á höfuðborgarsvæðinu og Nova og Sýn beina að því er virðist viðskiptum sínum eingöngu að Ljósleiðaranum, gefur það Símanum málefnalega ástæðu til þess að ætla að Ljósleiðarinn bjóði kjör til þessara tveggja mikilvægu viðskiptavina sinna, sem öðrum fyrirtækjum stendur ekki til boða. Þar af leiðandi er rík ástæða til þess að ætla að þörfin fyrir viðmiðunartilboð og skyldu um jafnræði þegar kemur að verðskrá, sé fyrir hendi hvað varðar Ljósleiðarann. Skorar Síminn á FST að rannsaka þessa þætti ítarlega. Síminn bendir á að Sýn breytti verðskrá sinni eftir að FST hafði lokað fyrir athugasemdir um markaðsgreiningu en engu að síður hefur þessi staðreynd áhrif og þarf að hafa hana í huga.
9. Hvað Símann varðar þá sýnir háttsemi Sýnar og Nova það skýrt að áhersla FST og Samkeppniseftirlitsins um mikilvægi þess að stytta og minnka umfang samnings Símans og Mílu, hafi verið fullkomlega órökrétt og ómálefnaleg. Kostaði framangreind íhlutun Símann um 10 milljarða króna, sem virðist hafa verið í þeim eina tilgangi að styrkja stöðu Ljósleiðarans sem er þegar með um 60% hlutdeild á því svæði sem félagið er að keppa við Mílu. Það er staðreynd að íhlutun Samkeppniseftirlitsins með stuðningi FST, kostaði hluthafa Símans um 10 milljarða króna og sýnilegur ábati neytenda til skamms, sem og langs tíma, er enginn.
10. Hvað varðar umfjöllun FST um hvaða fyrirtæki falla undir að vera heildsölu eingöngu fyrirtæki, þá virðist Símanum sem stofnunin hafi ekki rannsakað þetta fyllilega. Það er þekkt að bæði Ljósleiðarinn og Tengir selja fjarskiptaþjónustu til fyrirtækja og stofnana í smásölu. Þarf FST a.m.k. að skoða þennan þátt með ítarlegri hætti. Þannig er bæði á heimasíðu Ljósleiðarans og Tengir upplýsingar um verð og/eða skilmála sem beinast að almennum fyrirtækjum. Ennfremur virðist FST ekki hafa skoðað öll viðskipti þeirra fyrirtækja sem tengjast Ljósleiðaranum og Tengir sem hluthafar.
11. Telur Síminn þarf af leiðandi að það séu forsendur fyrir því að skylda Tengi til þess að selja aðgang að heimtaugar í heildsölu. Ljósleiðarinn og Míla bjóða bæði slíkan aðgang. Síminn telur að FST þurfi í öllu falli að útskýra með hvaða hætti það telst ekki vera fjarskiptaþjónusta, þegar Tengir og/eða Ljósleiðarinn setur upp Ljósleiðarabox inni í heimili notanda, sem er með virkni og í eigu Tengis eða Ljósleiðarans, geti ekki talist fela í sér fjarskiptaþjónustu, í þeim tilfellum þegar Tengir og Ljósleiðarinn sinna bitastraumsþjónustu og samhliða innheimta gjald af endanotandanum. Óumdeilanlega séu tilföll sem Ljósleiðarinn er í beinu viðskiptasambandi orðin fátíð en þau eru enn fyrir hendi. Að mati Símans er ekki aðeins um leigu á svörtum Ljósleiðara að ræða, þegar boxið sem virknin er á, eru rekin af Ljósleiðaranum eða Tengi. Það mikilvægt að fjarskiptafyrirtæki geti selt



til sinna viðskiptavina internetþjónustu þar sem verð heimtaugar er innifalið. Er slíkt fyrirkomulag til bóta fyrir neytendur og eins og FST hefur ítrekað bent á, það fyrirkomulag sem virðist vera við lýði víðs vegar um Evrópu.

3. Niðurlag

12. Síminn áréttar þau sjónarmið sem félagið leggur fram og ítrekar kröfur sínar um að kvöð verði lögð á Tengi um að bjóða heimtaugar í heildsölu til fjarskiptafyrirtækja. Enn sem komið er stundar félagið enga heildsölu heldur sinnir smásöluhlutverkinu og gerir ólíkt öðrum innviðafyrirtækjum, smásöluaðilum ekki kleift að innheimta sjálf fyrir umrædda þjónustu. Ennfremur telur Síminn að FST hafi vanrækt að skoða og rannska hvort Tengi og öll þau fyrirtæki sem tilheyra samstæðu Tengis eða eru í eigu sömu endanlegu hluthafa og Tengi, séu sannarlega ekki að selja fjarskiptaþjónustu í smásölu.
13. Síminn ítrekar einnig kröfu um að FST kanni hvort Ljósleiðarinn stundi mismunun Sýn, og mögulega Nova, til hagsbóta og skoði eftir atvikum hvort það sé þörf á því að endurskoða greiningu á höfuðborgarsvæðinu vegna þessa en í öllu falli verði lögð kvöð um viðmiðunartilboð og bann við óréttmætri mismunun.
14. Síminn beinir því til FST að taka ríkt tillit til framangreindra atriða. Síminn áskilur sér allan rétt.

Virðingarfyllt.
F.h. Símans hf.

Eiríkur Hauksson, yfirlögfræðingur